

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1994

24. janúar 1994

27

Nr. 30

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993,
um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

- a. Eftirfarandi efnisliður fellur brott:
0511.9118 og 0511.9119 Sundmagi, þurrkaður eða saltaður.
- b. Eftirfarandi efnisliðir bætast við:
0511.9111–0511.9129 Vörur úr fiski, krabbdýrum, lindýrum eða öðrum vatnahrygg-
leysingjum.
1204.0000 Línfræ (höfræ).
- c. Tollskrárnúmerið 2836.1000 breytist og verður tollskrárnúmer 2836.1001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

14. janúar 1994

Nr. 31

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengnu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Umsækjandi um sauðfjárhald skal jafnframt hafa tryggt sér land til upprekstrar.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár, hverju nafni sem nefnist, er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar.